



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



## STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 20.12.2019

Kl.: 14:00

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð

Aðgerð: Aftakaveður á landinu öllu

Óvissustig almannavarna er enn í gildi á Norðurlandi eystra og Norðurlandi vestra

Aðgerðum í samhæfingarstöðin í Skógarhlíð var lokið mánudaginn 16. desember klukkan 17:00.

### Samantekt

- Veður – næstu daga er spáð hvassri NA átt með éljum eða snjókomu. Gul viðvörðun víða.
- Vegakerfi – vegir víða lokaðir á norðaustanverðu landinu. Víðast vetrarfærð
- Raforkukerfi – rafmagn er víðast komið á, enn unnið að viðgerðum og víða má búast við truflunum
- Fjarskiptakerfi – nær allir farsímasendar og tengistöðvar komin í rekstur á ný
- Lögregla – aðgerðastjórn á Norðurlandi eystra hefur lokið störfum
- Björgunarsveitir – aðstoð við veitufyrirtæki og ófærðaraðstoð
- Rauði krossinn – fjöldahjálparstöð í Stórutjarnaskóla opnuð vegna lokunar vega
- Landhelgisgæslan – varðskipið Þór er hættur að framleiðir rafmagn fyrir Dalvík
- Eignatjón – töluvert eignartjón
- Enduruppbygging – mikið starf fyrir höndum næstu vikur og mánuði

### Staða mála

#### Veður

Norðaustan 10-18 m/s, en 15-20 NV-til og einnig á SA-landi í kvöld. Snjócoma N- og A-lands, en slydda við sjóinn. Léttir til sunnan heiða.

Norðaustan hvassviðri eða stormur N- og A-til á morgun og bætir í ofankomuna, en heldur hægari og bjart SV-lands. Hiti nálægt frostmarki, en upp í 7 stig með S-ströndinni.

Gul viðvörðun vegna veðurs: Norðurland eystra, Austurland að Glettingi, Austfirðir, Suðausturland og Miðhálandi

#### Vegakerfi/samgöngur

Víðast hvar vetrarfærð og verið er að hreinsa helstu leiðir. Vegir eru víða lokaðir á norðaustanverðu landinu. Á Austurlandi er fært um Möðrudalsöræfi austur á Vopnafjörð og Hérað. Hálsa eða snjóþekja á flestum vegum í byggð. Þæfingur er um Vatnsskarð og Njarðvík í Borgarfjörð eystra. Breiðadalshéiði og Öxi eru ófærar en vegir á Austfjörðum eru færir.

Á Suðurlandi eru vegir í byggð færir en víðast hálsa eða hálkublettir.

#### Raforkukerfi

- Enn er mikil hætta á truflunum í tengivirki Landsnets í Hrutatungu vegna seltu. Það hefur því verið ákveðið að hreinsa tengivirkið í nótt (aðfaranótt laugardags) og verður rafmagnslaust vegna þessa frá kl. 00-06 á svæðinu sem fætt er frá Hrutatungu. Reynt verður að halda rafmagni inni þar sem hægt er og lögð verður áhersla á svæði sem ekki eru með hitaveitu. Að öllum líkindum verður rafmagn á Hvammstanga og Laugarbakka, en það



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



gætu orðið rafmagnstruflanir þar. Sama á við um notendur sem tengdir eru við Glerárskóga á Vesturlandi. Keyrt verður varaafli, en það geta orðið truflanir á afhendingu.

- Enn eru nokkrar bilanir í dreifikerfi RARIK og búast má við truflunum á afhendingu rafmagns á meðan þetta ástand varir.

Pingeyjarsveit: Bilun er í Reykjadal, en allir eru með rafmagn.

Fnjóskadalur: Einhverjar bilanir en þeir sem þurfa hafa varaafli.

Grýtubakkahreppur: Lína frá Nollu að Sveinbjarnargerði er öll niðri og varaafli er keyrt þar sem þörf er á. Viðgerð er langt komin.

## Fjarskiptakerfi

Fjarskiptakerfið starfar víðast hvar eðlilega

## Björgunarsveitir

Björgunarsveitir aðstoða veitufyrirtæki. Einnig hefur verið nokkuð um ófærðarútköll vegna fastra bíla og lokunum vega.

## Lögreglan

Aðgerðastjórnir á Norðurlandi eystra og Norðurlandi vestra luku störfum 18. desember.

## Rauði krossinn

Fjöldahjálparstöð í Stórutjarnaskóla var opnuð 19. desember vegna lokunar á veginum um Ljósavatnsskarðs.

## Landhelgisgæslan

Varðskipið Þór var aftengt raforkukerfi Dalvíkur að kvöldi 18. desember.

## Húshitun

Hitun flestra hús er orðin eðlileg.

## Eignatjón

Ljóst er að töluvert eignatjón hefur orðið vegna veðursins og mun taka nokkurn tíma að taka það saman og ólíklegt að allt sé komið í ljós.

## Enduruppbygging

Unnið er hörðum höndum að viðgerðum á raforkukerfinu. Ljóst er að það mun taka nokkra daga að koma rafmagnsflutningskerfinu í lag.